

## Fundur í nemendaráði 21. september 2020 kl. 8:10

Mættir: Freyja Kolfinna, Páll Andrés, Íris Björg, Stefanía, Berglind Ýr, Hafþór, Anton Teitur og Rakel Ásta. Á fundinn vantaði Ólaf Vigni.

- Skólastjóri bauð nýja fulltrúa velkomna.
- Farið yfir hlutverk ráðsins og starfsreglur. Eftirfarandi breytingar gerðar á starfsreglum:

*Var áður: Nafnlaus framboð eru í unglिंगadeild – unglingar semja framboðsræðu að hausti, skólastjóri les upp og nemendur kjósa einn fulltrúa. Þeir tveir sem fá flest atkvæði eru fulltrúar bekkjar í ráðinu. Á miðstigi er einn fulltrúi úr hverjum bekk kosinn í ráðið.*

*Verður: Ef fleiri en einn í hverjum bekk á miðstigi bjóða sig fram er kosið og sá sem fær flest atkvæði er kjörinn. Ef fleiri en tveir úr hverjum bekk á unglिंगastigi bjóða sig fram er kosið og þeir tveir sem fá flest atkvæði eru kjörnir fulltrúar.*

- Kosning formanns. Stungið upp á Rakel Ástu og hún samþykk því. Ráðið samþykkti hana sem formann.
- Tilraunaverkefni, hvað er jákvætt og hverjir eru hnökranr? Umræður, m.a. kom fram að nemendur upplifa meiri einbeitngu í námi, ekki jafn þreyttir þegar þeir koma heim, meiri ró í matsal og gott að heyra ekki í skólaljöllunni. Það sem þótti neikvætt var of lítil útivist en þegar nemendur voru inntir eftir því hvort þeir vildu þá lengja skóladaginn vildu þeir það ekki. Vildu frekar núverandi fyrirkomulag. Miðstig fer yfirleitt í útinám í upphafi dags og það þótti gott. Nemendur upplifðu líka að þeir hefðu fyrst verið svolítið ringlaðir í bjöllulausum skóla um hvar þeir ættu að vera hvenær en það væri þó að koma tilfinning fyrir því. Skólstjóri upplýsti ráðið um að verið væri að taka í notkun góðar digital klukkur sem ganga rétt og til stæði að kaupa góða útilklukku.
- Skólareglur og stofureglur. Farið yfir skólareglur og ekki gerðar athugasemdir við þær. Umræður um stofureglur í hverju rými.
- Reglur í forstofu. Ráðið samdi eftirfarandi reglur fyrir forstofu:
  - Við setjum skó í skólhillur.
  - Við förum með útiföt inn á okkar svæði.
  - Unglingar geta nýtt merktan snaga í forstofu fyrir útiföt ef allt er fullt á þeirra svæði.
  - Stigsbolta geymum við í skóhillum hvers stigs.
  - Leikföng og aðra bolta geymum við í Krakkakoti
  - Við göngum vel um og höldum forstofunni snyrtilegri.
- Æfð brunaæfing 28. september kl. 8:30.
- Frágangur á leikföngum og boltum. Umræður, þurfum að ganga betur frá leikföngum og boltum í Krakkakot í lok dags.
- Eitthvað seem vantar og önnur mál?
  - Ath vatnssöfnun á körfuboltavelli.
  - Ath hita á körfu- og fótuboltavelli.
  - Laga net á körfuboltavelli.

- Öðruvísi ávexti t.d. vínber og jarðarber. Eitthvað vesen með ávaxtastund á unglíngastigi sem þarf að kippa í liðinn.
- Er möguleiki að riðja fótboltavöllinn ef snjór safnast fyrir á honum?
- Leyfa húfur innan dyra.
- Athuga með vegasalt á skólalóð.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:52.